



Hafnarfirði 31.12.2012

## Ársskýrsla SÍH fyrir árið 2012

### Stjórnarstarf

Stjórn og varastjórn SÍH var endurkjörin óbreytt frá síðasta ári. Ánægja félagsmanna var mæld í netkönnun og niðurstaðan birt á heimasíðu félagsins. Stefnumótunarfundur fyrir árið 2012 var haldinn í desember 2011. Stefna félagsins var endurskoðuð og birt á vefsetri félagsins. Markmið félagsins voru endurmetin og stofnað til verkefna sem úthlutað var á ábyrgðarmenn.

Eitt af markmiðum félagsins á árinu var samkvæmt venju að vinna alla titla sem í boði voru í skeet. Ekki gekk það eftir að þessu sinni og er það í fyrsta skipti í allmörg ár sem engir titlar nást í hús.

Eitt af verkefnum frá stefnumótunarfundi var að skoða kaup á úlpum fyrir æfingastjóra. Keyptar voru þrjár úlpur í sama lit og æfingagallar keppnismanna, með merki félagsins á brjósti og áletruninni „Starfsmaður“ á baki.

Stjórnin samdi við keppendur og þjálfara um áframhaldandi þjálfun útvaldra keppnismanna.

Félagið fékk Allan Warren alþjóðlegan þjálfara frá Englandi til að koma og halda námskeið um uppbyggingu og framkvæmd þjálfunar í skotípróttum fyrir æfingastjóra og þjálfara SÍH. Allan sem er keppnismönnum SÍH af góðu kunnur hefur komið til Íslands nokkrum sinnum á síðustu árum og verið okkar mönnum sem og fleirum til leiðbeiningar varðandi þjálfun og keppni auk þess sem nokkrir Íslendingar hafa í gegnum árin farið til hans í æfingabúðir til Englands. Stjórn SÍH gerir sér vonir að þetta átak muni stuðla að auknum áhuga og árangri hjá félagsmönnum í framtíðinni.

Félagið tók þátt í „dúfnaveislunni“ sem var átak Skotvís annað árið í röð. Það er tilgangurinn Skotvís að fá veiðimenn til að leggja meiri stund á æfingar í skotfimi. Þátttaka var mun minni en árið áður.

Hópur félagsmanna SÍH tók þátt í rannsókn sem unnin var sem lokaverkefni til bakkalárgráðu í íþróttufræðum við Háskólann í

Reykjavík. Rannsakandi var Ólafur Össur Hansen. Verkefnið stóð yfir í sex vikur og byggðist á skynmyndapjálfun. Gerðar voru mælingar á skotmönnum í upphafi og í lok tímabilsins, bæði í keppni og í skotherm. Skotíþróttafélag Hafnarfjarðar hvetur alla þá sem hafa áhuga á skotfimi að kynna sér rannsókn þessa og niðurstöður. Vonandi verður þetta framtak hvetjandi fyrir frekari rannsóknum á skotfimi.

### **Daglegur rekstur**

Sex stjórnarfundir voru haldnir frá aðalfundi til áramóta.

Daglegur rekstur félagsins var með svipuðu sniði og áður þar sem bókhald félagsins var uppfært reglulega og niðurstaðan kynnt á stjórnarfundum.

Félagatal, árangur keppnismanna, uppfærsla á forgjöf og árangurstengdir styrkir var uppfært reglulega í gagnagrunn félagsins og birt að loknu keppnistímabilinu á heimasíðu þess.

### **Félagsstarf og námskeiðahald**

Árlegur fundur æfingastjóra var haldinn í mars. Þar var að venju farið yfir ábyrgð, skyldur og verklagsreglur æfingarstjóra.

Eitt byrjendanámskeið var haldið á árinu og var þátttaka góð. Námskeiðið var byggt á nýjum námslýsingum og tóks mjög vel í alla staði. Nokkur nýliðum varð í hópi leiðbeinanda sem höfðu útskrifast af námskeiðinu hjá Allan Warren eins og getið var hér að framan.

### **Kvennastarf SÍH**

Kvennastarf félagsins var með svipuðu sniði þar sem haldnar eru vikulegar æfingar eingöngu ætlaðar fyrir kvenfólk. Sveit kvenna tók þátt í Íslandsmótinu en náði því miður ekki að landa titli að þessu sinni.

### **Keppnisferðir erlendis**

Fimm keppendur tóku þátt í Skandinavia open og einn í Oslo GrandPrix

### **Félagatal**

Gefin voru út 116 félagsskírteini á móti 98 árið áður. Á árinu gengu 32 manns í félagið á móti 29 nýliðum árið áður.

### **Skýrsla mótanefndar**

Landsmót og opin mót

Samtals voru skráðir 82 þátttakendur í 11 lands- og opin mót á árinu 2012 sem er tólf fleiri en árið á undan. Félagið hélt eitt landsmót í byrjun apríl. Auk þess hélt félagið SÍH Open í áttunda sinn í byrjun júlí. Sjö færeyingar voru meðal keppenda að þessu sinni.

## **Innanfélagsmót**

Innanfélagsmót í skeet og nordisk trap voru tíu talsins þar sem samtals 71 þátttakandi var skráðir en þátttakendur voru 57 á fimm mótum árið á undan. Í ár var alltaf kepp bæði í skeet og nordisk trap sem hefur ekki verið áður. Á lokamótinu sem haldið var í september varð Sigurþór Jóhannesson Skotmaður SÍH og Helga Jóhannsdóttir Skotkona SÍH. Enginn unglingur tók þátt að þessu sinni.

Stefán Geir Stefánsson vann titilinn Trappari SÍH.

Að venju var mikil gleðskapur um kvöldið þegar uppskeruhátíð SÍH var haldin. Veittar voru ýmsar viðurkennigar fyrir góðan árangur, góðan stuðning og gott starf fyrir félagið á árinu.

Á lokamótinu var skotinn milljónasta leirdúfan á Iðavöllum frá því völlurinn var tekinn í notkun 1999. Af þessu tilefni voru smíðaðar tvær eftirlíkingar af leirdúfum úr áli með merki félagsins og áletrun um viðburðinn. Önnur dúfan er varðveitt í félagsheimilinu að Iðavöllum en hin var afhend Hlað sem hefur þjónað félagið varðandi leirdúfur alla tíð.

## **Skýrsla fjárhagsnefndar**

Félagið fékk að venju fastan rekstrarstyrk frá Hafnarfjarðarbæ og kennslu- og lottó styrki frá ÍSÍ.

Haldið var áfram að styrkja keppnismenn sem æfa undir handleiðslu þjálfara, styrki vegna þátttöku á mótum og styrki fyrir Íslands- og bikarmeistaratitla.

Félagið fékk ferðastyrki úr Afreksmannasjóði vegna ferða keppnismanna félagsins erlendis.

Samtals fengu 8 keppnismenn 1290 hringi í styrk árið 2012 sem eru 32.250 dúfur. Árið áður fengu 12 keppnismenn 1610 hringi sem er 40.250 dúfur.

## **Skýrsla skemmtinefndar**

Árshátíð félagsins var haldin í apríl og var vel sótt.

Að loknum fyrri keppnisdegi á SÍH open var haldin grillveisla að venju og uppskeruhátíðin á lokamótinu eins og áður er komið fram.

## **Skýrsla vallarnefndar**

Ráðist var í framkvæmdir við að flytja trappvöllinn austur fyrir skeetvöllinn, samkvæmt deiluskipulagi. Um áramót var búið að keyra 10.000 rúmetra af mold á svæðið, ryðja upp hljóðmönnum og grafa fyrir neðanjarðarhúsi undir kastvélar.

Á árinu 2012 voru skotnar 94.200 leirdúfur á móti 106.500 árið áður.

### **Ritnefnd**

Nýtt vefforrit var tekið í notkun í byrjun árs sem gerir allar uppfærslur auðveldari en áður. Lögð er áhersla á að allar nýtanlegar upplýsingar séu aðgengilegar fyrir félagsmenn og að fréttir af starfseminni komist sem fyrst til félagsmanna. Mest heimóttu síðan á vefsetrinu var „Mótaskrá og úrslit móta sem var heimótt 2473 sinnum.

Fyrir hönd stjórnar SÍH

Ferdinand Hansen  
formaður SÍH